

SOS Barnaporpin

Ársreikningur 2022



Hamraborg 1
200 Kópavogur

Kt. 500289-2529

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar í SOS-barnaþorpunum

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SOS-barnaþorpanna fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2022, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022 og efnahag þess 31. desember 2022 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð SOS-barnaþorpunum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi SOS-barnaþorpanna og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Áritun óháðs endurskoðanda

- * Við greinum og metum hættunarfæri á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnuðum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Kópavogur, 2. maí 2023



Sigurður Jónsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagasamtökin SOS Barnaþorpin starfa samkvæmt lögum nr. 119/2019, um félög til almannaheilla sem starfa yfir landamæri.

Aðalstarfsemi samtakanna er barnahjálp og er gert grein fyrir eðli og tilgangi samtakanna í samþykktum þeirra frá 18. maí 2022.

Stöðugildi á skrifstofu samtakanna voru að meðaltali 5,6 á árinu og var starfsmannavelta engin.

Framlög frá styrktaraðilum námu 711,5 m.kr. og studdu 21.874 einstaklingar og 717 lögaðilar við samtökin með framlögum. Á árinu voru 611,7 m.kr. sendar úr landi og 6 m.kr. nýttust í verkefni hér á landi. Af framlögum styrktaraðila voru 86,8% send úr landi eða nýtt í verkefni í þágu barna hér á landi.

Á árinu voru rekstrarútgjöld og framlög til verkefna í þágu barna samtals hærri en tekjur samtakanna og lækkaði þannig hrein eign til greiðslu í hjálparstarf um 47,8 m.kr. Á árinu sendu samtökin meðal annars fjármagn til verkefna sem aflað hafði verið áður en árið 2022 gekk í garð. Má þar nefna að samtökin sendu 42,3 m.kr. til neyðarverkefna og var sú fjárhæð að stórum hluta tekin af eigin fé.

Samtökin hafa skuldbundið sig til að fjármagana verkefni nokkur ár fram í tímann og tekið frá fjármuni meðal eiginfjár til þess að standa undir þeim skuldbindingum. Hrein eign félagsins í árslok var kr. 505,7 m.kr. en af þeim fjármunum hafa verið teknar frá kr. 351,5 m.kr. til þess að standa undir framtíðarskuldbindingum fjölskyldueflingar- og annarra þróunarverkefna.

Á árinu nam hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar af heildartekjum 19,1%. Inn í þeirri tölu er launakostnaður vegna beinnar umsýslu starfsfólks hér á landi við erlend og innlend verkefni. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir launakostnaði erlenda og innlendra verkefna nemur kostnaðarhlutfallið 17,4%.

SOS Barnaþorpin leggja áherslu á góða stjórnarhætti og hefur stjórn t.a.m. sett sér starfsreglur. Fór nokkur tími stjórnar á árinu í að formesta og ferla góða stjórnarhætti enn frekar auk þess sem stjórnin fékk sérfræðing um góða stjórnarhætti á sinn fund. Má þannig nefna tilkomu tilnefningarnefndar, skráningar upplýsinga um stjórnarmenn, þekkingarkort stjórnar, starfsáætlun og reglur um upplýsingagjöf til stjórnar.

Stjórn samtakanna sinnti eftirliti með rekstri þeirra, stefnumótun og stuðningi við starfsfólk. Einnig sinnir hún virkri áhættustýringu í samræmi við samþykka áhættustefnu samtakanna.

Þá innleiddu samtökin nýja vefgátt fyrir stjórn og skjalastjórnunarkerfi fyrir starfsfólk.

Samhliða bættum stjórnarháttum fékk vinnustaðurinn viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki 2022 í flokknum lítil fyrirtæki.

Þau tímamót urðu í starfi samtakanna á árinu að undirritaður var rammasamningur til þriggja ára við utanríkisráðuneytið vegna þróunarverkefna. Gerir samningurinn okkur kleift að fjármagna þróunarverkefni að okkar vali án þess að þurfa að sækja sérstaklega um hvert verkefni. Samningurinn leggur í staðinn kvaðir á samtökin um eftirlit, úttektir og skýrsluskil.

Stjórn SOS Barnaþorpanna og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Kópavogur, 2. maí 2023



Kristján P. Davíðsson, stjórnarformaður



María F. Rúriksdóttir



Ólafur Örn Ingólfsson

Framkvæmdastjóri:



Ragnar Schram

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2022	2021
Tekjur			
Framlög SOS-foreldra, barnaþorps- og fjölskylduvina	3	459.537.170	448.245.033
Frjáls framlög, fjáraflanir og fyrirtækjasamningar	4	157.107.526	134.545.825
Opinber framlög		94.823.418	39.958.629
Húsaleigutekjur		2.729.596	2.520.046
Fjármagnstekjur og gengishagnaður/(tap)		(9.783.514)	44.131.178
		<u>704.414.196</u>	<u>669.400.711</u>
 Gjöld			
Framlög send úr landi	5	611.657.117	508.049.441
Stuðningur við verkefni innanlands	6	5.779.083	3.550.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7	134.775.297	117.587.488
		<u>752.211.497</u>	<u>629.186.929</u>
Hækkun/lækkun á hreinni eign til greiðslu í hjálpstarf		<u>(47.797.301)</u>	<u>40.213.782</u>

Efnahagsreikningur 31.12.2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteign	8	20.941.338	22.564.672
Áhöld og tæki	9	10.539.153	11.653.351
Fastafjármunir samtals		<u>31.480.491</u>	<u>34.218.023</u>
Veltufjármunir			
Óinnheimtar tekjur (kreditkort o.fl.)		16.096.068	12.317.911
Fyrirframgreidd styrktarframlög	10	166.899.676	127.996.501
Eignastýring		381.758.832	475.068.127
Sjóður og bankareikningar		135.580.881	125.724.700
Veltufjármunir samtals		<u>700.335.457</u>	<u>741.107.239</u>
Eignir samtals		<u>731.815.948</u>	<u>775.325.262</u>
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		59.777.476	97.953.648
Neyðarverkefnasjóður	11	49.433.592	30.000.000
Varasjóður	12	45.000.000	35.874.773
Frátekið vegna núverandi og fyrirhugaðra verkefna	13	351.478.294	389.658.242
Eigið fé samtals		<u>505.689.362</u>	<u>553.486.663</u>
Skammtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldbinding vegna innheimtra styrktarframlaga	14	199.000.070	196.793.103
Ýmsar skammtímaskuldir		27.126.517	25.045.496
Skuldir samtals		<u>226.126.587</u>	<u>221.838.599</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>731.815.948</u>	<u>775.325.262</u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

SOS-Barnaþorpin eru almannaheillafélag með starfsemi yfir landamæri og er megin starfsemi samtakanna fólgin í barnahjálpi. Lögheimili félagsins er að Hamraborg 1, 200 Kópavogi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þeirra og telja að samtökin hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er í íslenskum krónum.

Á árinu 2022 var framsetningu rekstrarreiknings breytt. Undir einum tekjulið voru sameinuð framlög SOS-foreldra, barnaþorps- og fjölskylduvina en það sem þessi framlög eiga sameiginlegt er að þau eru frá mánaðarlegum styrktaraðilum. Í skýringarlið nr. 3 má finna sundurliðun framlaganna eins og hún var í rekstrarreikning fyrir árið 2021. Þá voru liðirnir frjáls framlög og fjáraflanir, erfðagjafir og framlög fyrirtækja og stofnana sameinuð undir einum tekjulið sem ber heitið Frjáls framlög, fjáraflanir og fyrirtækjasamningar. Það sem þessi framlög eiga sameiginlegt er að þau koma frá öðrum styrktaraðilum en þeim sem eru mánaðarlegir styrktaraðilar. Framlög sem send eru úr landi hafa nú verið sameinuð undir einum lið sem ber heitið Framlög send úr landi. Í skýringu nr. 5 má finna hvernig fjármunir skiptast. Þá voru einnig fjármunir sem nýtast til verkefna innanlands dregnir fram undir sér lið sem ber heitið Stuðningur við verkefni innanlands. Í skýringu nr. 6 má finna hvernig þeir fjármunir skiptast niður á verkefni. Að lokum voru allir kostnaðarliðir sameinaðir undir liðnum Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður en í skýringu nr. 7 má finna skiptingu hans niður á kostnaðarliði. Þessi breyting var gerð til þess að lesendur ársreikningsins geti greint á milli þeirra fjármuna sem sendir eru úr landi, nýttir í verkefni innanlands og kostnaðar. Markmið með breytingunum er að gleggri mynd fái af rekstrarreikning.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

Framlög

Framlög eru færð þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samtakanna og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Framlög eru metin á gangvirði þegar þau berast.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

Skýringar

Gengi

	2022	2021
EUR 31/12	151,5	147,6
DKK 31/12	20,4	19,8
USD 31/12	142,0	130,4

3. Framlög SOS-foreldra, barnaþorps- og fjölskylduvina

	2022	2021
Framlög SOS-foreldra og barnaþorpsvina	428.055.171	415.319.395
Gjafir til barna og barnaþorpa	13.602.330	15.501.649
Framlög fjölskylduvina	17.879.669	17.423.989
	459.537.170	448.245.033

4. Frjáls framlög, fjáraflanir og fyrirtækjasamningar

Undir þessum lið er meðal annars símasöfnun, neyðarsafnanir, valgreiðslur, vörusala, fjáröflun í tengslum við Reykjarvíkurmarabon, jólafjáröflun, myntsöfnun og fyrirtækjasamningar.

5 Framlög send úr landi

	2022	2021
Framlög til barnaþorpa*	363.846.895	353.021.486
Gjafir til styrktarbarna og þorpa	13.602.330	15.501.649
Framlög til verkefna á ábyrgð SOS á Íslandi	98.115.335	58.867.533
Framlög til neyðarverkefna	42.340.395	4.272.615
Framlög til SOS International**	67.528.091	74.047.086
Önnur framlög	26.224.071	2.339.072
	611.657.117	508.049.441

* Af framlögum SOS-foreldra og barnaþorpsvina er 85% send út til barnaþorpa. SOS á Íslandi heldur eftir 15% sem er nýtt við rekstur á skrifstofu, þjónustu við styrktaraðila og öflun nýrra.

** Framlag til SOS International fer meðal annars í að sinna eftirliti í barnaþorpum og á vettvangi verkefna, sem og rekstur alþjóðaskrifstofu. Um helmingur þessa framlags er til að greiða þennan kostnað fyrir þau lönd sem ekki geta staðið undir þessum kostnaði. Framlagið er greitt í evrum og eru breytingar milli ára vegna hagstæðara að mestu vegna hagstæðara gengis á árinu 2022.

6. Stuðningur við verkefni innanlands

	2022	2021
Gerð fræðsluefnis um réttindi barna - Barnsáttmálinn	2.998.701	0
Styrkur til Umhyggju fyrir systkin langveikra barna*	2.093.782	0
Styrkur til leikskóla - sérkennslutæki*	170.000	550.000
Styrkur til Reykjanesbæjar vegna ærslabelgs*	516.600	3.000.000
	5.779.083	3.550.000

* Þessir styrkir eru fjármagnaðir að öllu leiti í gegnum alþjóðlegan styrktarsamning við Heimstaden, sem gerir kröfu um að SOS á Íslandi starfræki innanlandsverkefni.

Skýringar

7. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2022	2021
Launakostnaður*	55.830.037	50.952.505
Launatengd gjöld	13.685.604	11.904.316
Tilkostnaður vegna fjáraflana	23.196.867	22.377.827
Upplýsingatækni og rekstur tölvukerfa	13.768.988	8.646.475
Kynningar- og markaðsmál	8.495.971	7.928.617
Afskrift fasteignar og fastafjármuna	5.506.728	4.172.253
Aðkeypt þjónusta og ráðgjöf	2.092.527	1.981.424
Rekstur fasteignar	1.526.174	1.947.155
Breyting á áfallinni orlofsskuldbindingu	3.530.675	467.449
Ýmis annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7.141.726	7.209.467
	134.775.297	117.587.488

* Launakostnaðar eftir áherslupáttum í starfseminni:

	2022	2021
Fjáröflun	8.848.212	8.014.086
Þjónusta við styrktaraðila	13.466.529	14.023.432
Erlend verkefni á ábyrgð SOS á Íslandi	6.848.209	4.361.003
Kynningar- og markaðsmál	9.350.423	8.555.228
Innanlansstarf og -verkefni	5.625.176	5.038.423
Mál tengd alþjóðaskrifstofu	5.288.610	4.551.000
Rekstur skrifstofu (fjármál, upplýsingatækni o.fl.)	20.088.482	18.313.649
	69.515.641	62.856.821

Stöðugildi hjá SOS Barnaþorpunum voru að meðaltali 5,6 á árinu 2022 en voru 5,8 árið 2021.

8. Fasteign

Fasteignin er skráð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum fyrningum.

	2022	2021
Stofnverð 1/1	40.583.344	40.583.344
Afskrifað alls 1/1	(18.018.672)	(16.395.338)
Afskrifað á árinu	(1.623.334)	(1.623.334)
Bókfært verð 31/12	20.941.338	22.564.672

Afskriftarhlutföll	4%	4%
--------------------------	----	----

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti.

	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir	71.890.000	92.232.566

Skýringar

9. Áhöld og tæki

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisryrningnum ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

	2022	2021
Stofnverð 1/1	14.751.263	5.288.551
Afskrifað alls 1/1	(3.097.912)	(548.993)
Viðbót á árinu	2.769.196	9.462.712
Afskrifað á árinu	(3.883.394)	(2.548.919)
Bókfært verð 31/12	<u>10.539.153</u>	<u>11.653.351</u>
Afskriftarhlutföll	20-33%	20%

10. Fyrirframgreidd styrktarframlög

SOS International starfrækir greiðslukerfi fyrir styrktarframlög (Shared Treasury Services / STS kerfi). Ársfjórðungslega greiðir SOS á Íslandi fjármuni í STS kerfið sem síðan dreifir styrktarframlögum til móttökulanda. Í desember ár hvert greiðir t.a.m. SOS á Íslandi fjármuni í STS kerfið sem er svo dreift áfram til landanna á fyrsta ársfjórðungs næsta árs. Inneign SOS á Íslandi nam þannig í árslok 2022 kr. 166.899.678.

11. Neyðarverkefnasjóður

Teknir hafa verið frá fjármunir í neyðarverkefnasjóð. Er þetta gert til þess að unnt sé að bregðast hratt við þegar beiðni um neyðaraðstoð berst að utan.

12. Varasjóður

Teknir hafa verið frá fjármunir sem ætlað er að standa undir rekstri SOS á Íslandi verði skyndileg tekjustöðvun. Alþjóðaskrifstofa SOS mælir með því að hver landsskrifstofa eigi sjóð sem stendur undir 4-9 mánaða rekstarkostnaði innanlands. SOS á Íslandi miðar við að varasjóður standi straum af starfsemi samtakanna í sex mánuði.

13. Frátekið fyrir framtíðarverkefni

SOS á Íslandi hefur tekið frá fjármuni til þess að standa undir núverandi og fyrirhuguðum erlendum verkefnum.

	2022	2021
Grænlandi (fyrirhugað verkefni)	37.636.338	37.881.889
Eþíópía (fyrirhugað verkefni)	67.000.000	67.000.000
Fjölskyldueflingar- og önnur þróunarverkefni*	246.841.956	284.776.353
	<u>351.478.294</u>	<u>389.658.242</u>

Skýringar

* Á árinu 2022 starfræktu SOS á Íslandi fimm langtíma verkefni og hefur SOS á Íslandi tekið frá fjármuni meðal eigin fjár til þess að standa straum af skuldbindingu sinni vegna verkefnakostnaðar. Í töflunni hér að neðan má annars vegar finna upplýsingar um þann hluta verkefnakostnaðar sem SOS á Íslandi ber að standa straum af og hins vegar upplýsingar um heildarverkefniskostnað. Athugið að ekki eru teknir frá fjármunir vegna skuldbindinga sem eru fjármagnaðar af öðrum SOS löndum en SOS í Noregi hefur skuldbundið sig til þess að fjármagna að hluta tvö verkefni sem SOS á Íslandi starfrækir, þ.e. verkefni í Sómalíu/Sómalílandi og Rúanda. Þá hefur SOS í Svíþjóð skuldbundið sig til þess að fjármagna að hluta verkefnið í Tógó.

	Hlutdeild SOS IS	Heildarkostnaður
Tógó (verkefni lýkur fyrrihluta árs 2023)	5.478.489	5.478.489
Malaví (verkefni lýkur í árslok 2025)	98.054.162	98.054.162
Rúanda (verkefni lýkur í árslok 2025)	9.728.050	84.945.509
Sómalía/Sómalíland II (verkefni lýkur í árslok 2024)	64.037.814	76.667.930
Eþíópía II (verkefni lýkur í árslok 2023)	28.030.982	28.030.982
Tógó II (verkefni hefst 2023)	41.512.458	54.140.698
	246.841.955	347.317.770

14. Skuldbinding vegna innheimtra styrktarframlaga

Skuldbinding er vegna framlaga SOS-foreldra og barnaþorpsvina frá 1. júlí 2022 til ársloka 2022. Fjárhæð þessi kemur til greiðslu á fyrstu sex mánuðum ársins 2023.

	2022	2021
Nettó skuldbinding vegna styrktarframlaga	32.100.394	68.796.602
Fyrirframgreidd styrktarframlög (skýring nr. 10)	166.899.676	127.996.501
Skuldbinding vegna innheimtra styrktarframlaga	199.000.070	196.793.103

